

Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2020

Starfsemin

Fríðuhús er sérhæfð dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun sem rekin er af Alzheimersamtökunum. Leyfi er fyrir 18 skjólstæðinga á dag. Markmið starfseminnar er að styrkja og efla einstaklinginn samhliða því að veita honum öryggi og vellíðan og gera honum mögulegt að búa sem lengst heima. Reynt er að hafa starfið sem fjölbreytilegast til að höfða til sem flestra. Einnig er veittur stuðningur til aðstandenda í formi viðtala og fjölskyldufunda. Hér hefur verið mótað gott starf gegnum árin og skjólstæðingar og aðstandendur hafa sem fyrr verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið.

Starfsemin gekk ótrúlega vel þrátt fyrir þann usla sem covid faraldurinn olli í þjóðfélaginu. Hér mættu allir nema tveir skjólstæðingar sem ákváðu að vera heima í einn mánuð meðan faraldurinn stóð sem hæst. Starfsemin var sniðin að breyttum reglum og fórum við ekkert með skjólstæðinganna og fengum ekki til okkar gesti frá því að faraldurinn hófst og til ársloka. Starfsfólkið slapp líka mjög vel og fóru 2 starfsmenn sitt hvora vikuna í sóttkví að tilmælum rakningateymis.

Á árinu 2020 nýttu 30 einstaklingur sér þjónustu Fríðuhúss, 19 konur og 11 karlar. Tölulegar upplýsingar varðandi starfsemina má sjá í meðfylgjandi skjali og þar sést líka samanburður milli ára. Það er ekkert sérstakt sem vekur athygli þetta árið og tölurnar svipaðar og s.l. ár.

Búreksturinn gengur vel sem fyrr en hægst hefur á varpinu og líklega þurfum við að fara að endurnýja bústofninn með tíð og tíma.

Áframhaldandi samstarf var við nokkur listasöfn á höfuðborgarsvæðinu og fóru nokkrir skjólstæðingar á mismunandi söfn yfir vetramánuðina (fyrir covid) ásamt starfsmanni og þeim aðstandendum sem komust með hverju sinni. Þar túlkaði listfræðingur ákveðin verk á staðnum og fékk skjólstæðingana til að túlka það sem þeim fannst um verkin. Gefandi og ánægjulegt samstarf sem vonandi heldur áfram

Árlegur Basar í Fríðuhúsi var haldinn í nóvember og heppnaðist vel þrátt fyrir takmarkanir tengt Covid.

Starfsmenn

Í árslok starfa hér 7 starfsmenn í 5,5 stöðugildum. Einn hjúkrunarfræðingur, einn iðjubjálfi, einn sjúkraliði, einn félagsliði og 3 almennir starfsmenn og tveir af þeim eru í sjúkraliðanámi með vinnu. Engin starfmannaskipti urðu þetta árið nema ráðinn var iðjubjálfi í 50% starf í haust sem var góð viðbót við þann öflugan starfsmannahóp sem fyrir er.

Sömu einstaklingarnir komu í sumarafleysingar þetta árið og annar þeirra var að koma í fimmta sinn. Mikill fengur að fá vant fólk inn í sumarafleysingar.

Lítið hefur verið um endurmenntun starfsfólks tengt ástandinu í þjóðfélaginu. Forstöðumaður sótti rafræna ráðstefnu á vegum Alzheimer Europe í haust.

Sjálfbóðaliði kemur hér vikulega og hjálpar til við afþreyingu og virkni skjólstæðinganna.

Utanaðkomandi þjónusta

Læknisþjónusta fyrir skjólstæðinganna hefur verið sinnt frá minnismóttökunni á Landakoti. Læknir kemur í húsið hálfsmánaðarlega og höfum við aðgang að honum gegnum síma þess á milli. Þórhildur Kristinsdóttir, öldrunarlæknir tók við af Helgu Eyjólfsdóttur á haustmánuðum.

Þrif: Hreingerningarfyrirtækið Sólar sér um þrifin og þrifið er x 3 í viku. Aukin þrif voru fengin og sótthreinsun á alla snertifleti eftir að Covid faraldurinn hófst.

Matur: Hádegismatur hefur verið keyptur frá Matborðinu en starfsmenn hússins hafa séð um morgunmat og miðdegiskaffi.

Akstursþjónusta: Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstursþjónustuna. Flestir nýta sér þessa þjónustu (70%) en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað og fylgjum við einstaklingum heim sem búa í götunni.

Fótaðgerðarfræðingur kemur á 6 – 7 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en þeir borga sjálfir fyrir þá þjónustu.

Hárgreiðslukona kemur á ca. 6 vikna fresti og gefst skjólstæðingum kostur á að nýta sér þjónustu hennar en greiða sjálfir fyrir þá þjónustu.

Sjúkraþjálfari kemur x 4 í viku og hefur sinnt 7 skjólstæðingum í heima sjúkraþjálfun sem greidd er af Tryggingarstofnun.

Nemar

Hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í kynningu á vorönn.

Húsnæði

Dagþjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af Alzheimersamtökunum.

Gjafir

Aðstandendur eins skjólstæðings er lést á árinu gáfu 300.000.- kr. til minningar um hann og keyptum við aðra fartölvu fyrir hluta af þeim pening.

Fríðuhús fékk minningargjafir fyrir tvo aðra einstaklinga að upphæð um 260.000 kr. sem við höfum ekki ráðstafað enn.

Reykjavík 25. mars 2021

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir, forstöðumaður Fríðuhús
